

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. júní 2008 í máli nr. E-8412/2007:

X

(Bjarni Hauksson hdl)

gegn

íslenska ríkinu

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 7. maí síðastliðinn að lokinni aðalmeðferð, er höfðað 7. desember 2007 af X, gegn íslenska ríkinu.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 5.000.000 króna ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir

Þann 18. október 2006 hafði eftirlitsmaður hjá flutningafyrirtækinu IRS í Glostrup samband við lögregluna í Kaupmannahöfn vegna þess að sama dag hefði verið tekið á móti fjórum kössum með tölvum sem senda átti til Íslands. Hafi kassarnir reynst vera ótilhlýðilega þungir og af þeim sökum hafi einn þeirra verið opnaður og þá fundist pakki með hassi, falinn í tölvu. Leiddi rannsókn lögreglu í ljós að mestur hluti vélbúnaðar tölvanna hafði verið fjarlægður og í staðinn settir litlir ferningslaga pakkar með hassi í. Fann lögregla alls 17 pakka sem deilt hafði verið niður á tölvurnar. Var efnið vegið og reyndist þar vega 13,350 kg. Í einum pakkanum var og poki með 202 g af kókaini. Við lögreglurannsókn kom í ljós að tölvurnar höfðu verið keyptar í Danmörku og voru tveir Íslendingar þar í landi taldir tengjast málinu. Að ákvörðun íslenskra og danskra lögregluyfirvalda var ákveðið að láta vörusendinguna fara til Íslands án fíkniefnanna, sem danska lögreglan lagði hald á, í þeim tilgangi að takast mætti að hafa hendur í hári þeirra manna sem stæðu að innflutningnum á Íslandi. Varan kom til Íslands með flugi og fylgdist lögreglan með henni. Sendingin, sem stíluð var á Glitni hf./Tölvudeild, var sótt 22. október 2006

af starfsmanni hraðflutningafyrirtækisins FedEx, A Ók hann með hana í vöruhús fyrirtækisins í Hafnarfirði þar sem hún var um nóttina. Næsta dag ók A út vörum í bifreið fyrirtækisins. Fór hann meðal annars með sendingar til Glitnis á Kirkjusandi sem afhentar voru starfsmanni þar. Vakti athygli að hann afhenti ekki umrædda sendingu frá Danmörku þrátt fyrir að hún hefði verið sett í bifreiðina um morguninn. Þá kom í ljós að A hafði merkt sendinguna í tölvukerfi FedEx sem „Requested future delivery“ en það þýðir að móttakandi vörunnar hafi óskað eftir að varan verði afhent síðar. Var það talið mjög óeðlilegt hjá fyrirtæki eins og Glitni. Þá skildi A vörusendinguna eftir í bifreið fyrirtækisins að loknum vinnudegi en fór ekki með hana aftur inn í vörugeymslu eins og starfsregla þess mæltir fyrir um. Að kvöldi sama dags var A sóttur af manni að nafni B sem hinn fyrrnefndi hafði hitt áður um daginn. Fóru þeir saman að starfsstöð FedEx og var A handtekinn eftir að hann ók bifreiðinni í burtu með sendinguna í henni. Þá var B handtekinn í bifreið sinni þar skammt frá. Við könnun á síma Bs eftir handtöku sást að hann hafði sent stefnanda sms-skilaboðin „BUST“ á sama tíma og handtakan átti sér stað. Þá voru í síma Bs sms-skilaboðin „LEYST“ frá stefnanda rétt fyrir handtöku og skilaboðin „OK“ rétt eftir handtökuna. Taldi lögregla greinilegt að stefnandi hefði verið að spyrja B um fíkniefnasendinguna.

Stefnandi var handtekinn síðdegis 26. október 2006 og heimiluðu hann og sambýliskona hans að fram færi húsleit á heimili þeirra. Við leitina fannst hvítt duft sem talið var vera mjólkursykur sem notaður er af fíkniefnaneytendum og -sölum til að drýgja og þynna fíkniefni. Einnig fannst grammavog og hvítt sogrör með hvítum efnisleyfum innan í (0,01 g af amfetamíni). Eru grammavogin og sögrörið þekkt sem fylgihlutir fíkniefnaneyslu. Þá fannst við leitina ótilgreint magn svonefndra rennilásapoka sem vitað er að notaðir eru sem umbúðir utan um neysluskammta fíkniefna. Í framhaldinu var tekin skýrsla af stefnanda. Neitaði hann sök en viðurkenndi að þekkja B og hafa verið í sambandi við hann. Þá kannaðist stefnandi við að þekkja A. Við skýrslutöku næsta dag neitaði stefnandi sem fyrr sakargiftum og kvaðst jafnframt ekkert hafa vitað um framangreinda haldlagða muni. Einnig neitaði hann öllum fíkniefnatengslum við B. Að lokinni yfirheyrslu var stefnandi látinn laus.

Við skýrslugjöf Bs hjá lögreglu 31. október 2006 kom fram að stefnandi hefði beðið hann um að hafa samband við A sem ynni hjá FedEx til að kanna með tölvubúnað sem væri týndur eða hafði ekki skilað sér. Hafi A kannað málið og látið hann vita um tölvurnar og þá hafi A látið stefnanda vita um það. Eftir að staðfest hafi verið að „tölvubúnaðurinn“ væri kominn í leitirnar hafi verið ákveðið að stefnandi tæki við sendingunni og kæma henni í hendur ótilgreindra vina stefnanda sem hefðu fengið hann til að setja sig í samband við B þar sem þeir hafi vitað að hann hefði aðgang að A, starfsmanni FedEx.

Stefnandi var boðaður aftur í skýrslutöku hjá lögreglu 2. nóvember 2006 og handtekinn skömmu eftir komu á lögreglustöð. Sama dag var tekin skýrsla af stefnanda sem neitaði sök. Stefnandi var leiddur fyrir dómara að kvöldi sama dags og að kröfu lögreglu úrskurðaður í gæsluvarðhald til 14. sama mánaðar kl. 16. Stefnandi var látinn laus þann dag kl. 14.30.

Með bréfi ríkissaksóknara 6. júní 2007 var stefnanda tilkynnt að málið hefði verið fellt niður með vísan til 112. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þar sem það sem fram væri komið í málinu væri ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir málsóknina á því að aldrei hafi legið fyrir nein gögn sem felldu gætu sök á hann í umræddu sakamáli. Stefnandi hafi verið handtekinn að ósekju í tvígang, hann hafi þurft að sæta húsleit á heimili sínu og þá hafi hann setið í gæsluvarðhaldi í 13 daga. Að lokum hafi hann þurft að bíða í tæpa 7 mánuði eftir að fá tilkynningu um niðurfellingu málsins.

Svo sem fyrr greini hafi stefnandi verið handtekinn í tvígang en ekki sé augljóst af málgögnum hvað hafi breyst í millitíðinni. Í hvorugt skiptið hafi verið lögmæt skilyrði fyrir handtöku samkvæmt 1. mgr. 97. gr. laga nr. 19/1991. Þá hafi heldur ekki verið fyrir hendi lögmæt skilyrði til að úrskurða stefnanda í gæsluvarðhald á grundvelli a. liðar 1. mgr. 103. gr. nefndra laga. Grunur lögreglu um þátt stefnanda í málinu virðist aðallega hafa byggst á framburði B. Fyrir hafi legið að stefnandi hafði verið handtekinn nokkrum dögum áður en sleppt að lokinni yfirheyrslu. Hafi því mátt ætla að litlir rannsóknarhagsmunir gætu stutt gæsluvarðhald enda ljóst að stefnandi hafði vitað um rannsóknina í nokkra daga og því haft næg tækifæri til að spilla henni hefði hann talið þörf á því. Skipti engu máli um bótarétt stefnanda að hann hafi ekki skotið gæsluvarðhaldsúrskurðinum til Hæstaréttar.

Fari svo ólíklega að talið verði að skilyrði gæsluvarðhalds hafi verið fyrir hendi byggir stefnandi á að hann hafi verið hafður of lengi í gæsluvarðhaldi. Skipti þá engu máli tímalengd gæsluvarðhalds samkvæmt dómsúrskurði þar sem lögreglu beri stöðugt að endurskoða forsendur gæsluvarðhalds meðan á því stendur. Komi fram í gögnum málsins að lögregla hafi sjálf talið að skilyrði gæsluvarðhalds væru úr sögunni nokkru áður en stefnandi var látinn laus.

Þá hafi ekki verið fyrir hendi lögmæt skilyrði til að gera húsleit á heimili stefnanda og fjölskyldu hans og skipti ekki máli þótt stefnandi hafi samþykkt hana. Hafi ekkert fundist við leitina sem var þess eðlis að grunur beindist að honum í umræddu máli.

Stefnandi hafi orðið fyrir stórfelldum miska vegna aðgerða lögreglu og dómstóla. Við mat á honum verði að hafa í huga að stefnandi hafi verið sakaður um aðild að stórfelldu fíkniefnamisferli og það eitt að vera sakaður um slíkt hafi í för með sér mannorðsmissi og alvarlega röskun á högum hans, þar á meðal atvinnuöguleikum. Þá hafi málið reynt mjög á fjölskyldu stefnanda og haft miklar þjáningar í för með sér fyrir hana.

Um lagarök vísar stefnandi til 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár og ákvæða 175. gr. og 176. gr. laga nr. 19/1991. Þá vísar stefnandi til ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, sbr. auglýsingu nr. 10/1979, og almennra skaðabótareglna. Mál stefnanda hafi verið felld niður og eigi stefnandi því rétt á bótum enda verði hann ekki sakaður um að hafa valdið eða stuðlað að aðgerðum lögreglu og dómstóla sem beinst hafi að honum þannig að efni séu til að lækka bætur eða fella þær niður.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi reisir sýknukröfu á því að fyrir hendi hafi verið upplýsingar um tengsl stefnanda við aðra sakborninga í málinu. Fyrir hafi legið framburður Bs um að stefnandi hafi beðið hinn fyrrnefnda að hafa samband við A til að kanna með sendingu sem fíkniefnin áttu að vera í. Þá hafi framburður stefnanda um sms-sendingar milli hans og Bs verið ótrúverðugur og bent mjög til vitneskju og þátttöku hans í málinu. Jafnframt hafi skýringar hans á skilaboðum um varahluti í bifreið ekki verið trúverðugar heldur hafi verið um rósamál að ræða þar sem vísað væri til amfetamíns. Einnig hafi stefnandi margsinnis verið í sambandi við B daginn sem A var með sendinguna í bifreið sinni. Hafi stefnandi ekki gefið trúverðugar skýringar á þeim símtölum. Stefnandi hafi því verið undir rökstuddum grun um refsivert atferli og því verið uppfyllt skilyrði til handtöku hans í bæði skiptin, húsleitar og gæsluvarðhalds vegna rannsóknarhagsmuna.

Rannsókn málsins hafi verið mjög yfirgripsmikil og tímafrek og náð bæði til Íslands og Danmerkur. Afla hafi þurft margra gagna, svo sem upplýsinga um fjármál og símanotkun sakborninga. Sjö menn hafi hlotið stöðu sakbornings og fjórir þeirra sætt gæsluvarðhaldi samtímis hérlendis. Sakborningar hafi neitað sakargiftum og það gert verk lögreglu erfiðara. Hafi lögreglu því verið rétt að líta svo á allan þann tíma sem stefnandi sætti gæsluvarðhaldi að hann hafi haft færi á að torvela rannsókn málsins væri hann látinn laus. Unnið hafi verð sleitulaust að rannsókn málsins þann tíma sem stefnandi sætti gæsluvarðhaldi og tekna tuttugu og sex framburðarskýrslur.

Stefnandi haldi því fram að ekkert markvert hafi fundist við húsleit hjá honum. Þetta sé rangt þar sem við leitina hafi fundist ætluð fíkniefni og áhöld til neyslu þeirra og annarrar meðferðar. Stefnandi hafi sjálfur samþykkt húsleitina og liggja ekkert fyrir í málinu um að hún hafi verið framkvæmd á annan hátt en lög bjóða.

Sjö mánuðir hafi liðið frá því stefnandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldi og þar til honum var tilkynnt um niðurfellingu málsins. Sé það skammur tími að mati stefnda.

Stefnandi hafi og stuðlað að aðgerðum lögreglu gagnvart sér með háttsemi sinni og aðgerðum. Hann hafi margsinnis verið í sambandi við aðra menn í málinu sem lögregla taldi að stæðu að refsiverðri háttsemi og á þeim tíma sem öllu skiptir, þ.e. þegar verið var að flytja fram og aftur umrædda sendingu. Á því hafi stefnandi enga skýringu gefið. Þá hafi fíkniefnatengdir munir fundist á heimili stefnanda sem hann hafi ekki getað gert grein fyrir. Enn fremur hafi stefnandi sjálfur strax við handtöku sagst vita hvers vegna hann væri handtekinn og að hann gæti tengst mörgum fíkniefnamálum. Stefnandi hafi að auki verið ótrúverðugur og óstöðugur í framburði sínum og ekki viljað gera grein fyrir tengslum sínum við aðra í málinu.

Verði fallist á bótaskyldu er krafist stórlegrar lækkunar stefnukröfu. Þá er upphafstíma dráttarvaxta mótmælt með vísan til niðurlagsákvæðis 9. gr. laga nr. 38/2001.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt 175. gr. laga nr. 19/1991, svo sem henni var breytt með 42. gr. laga nr. 36/1999, má dæma bætur ef rannsókn hefur verið hætt eða ákæra ekki gefin út vegna þess að sú háttsemi, sem sakborningur var borinn, hafi talist ósaknæm eða sönnun hafi ekki fengist um hana eða sakborningur verið dæmdur sýkn með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Þá má samkvæmt 176. gr. laganna dæma bætur vegna handtöku, leitar á manni eða í húsi, halds á munum, rannsóknar á heilsu manns, gæsluvarðhalds og annarra aðgerða, sem hefur frelsisskerðingu í för með sér, aðra en fangelsi, ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða eða ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til slíkra aðgerða eða þær verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt enda sé jafnframt uppfyllt skilyrði 175. gr.

Skýra verður 175. og 176. gr. laga nr. 19/1991 svo að í síðarnefndu greininni, svo og 177. gr. laganna, sem hér á ekki við, séu tæmandi taldar þær aðgerðir er leitt geta til bótaskyldu stefnda á grundvelli hlutlægrar ábyrgðarreglu. Jafnframt þarf þó að vera fullnægt öðrum skilyrðum sem greinir í 176. gr. laganna og þeim skilyrðum sem um ræðir í 175. gr. þeirra. Hafa ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, með áorðnum breytingum, verið skýrð svo að þau veiti ekki ríkari bótarétt en leiddur verði af reglum XXI. kafla laga nr. 19/1991.

Fram er komið í málinu að stefnandi og B voru í miklum símasamskiptum mánudaginn 23. október 2006. Þá sást við könnun á síma Bs eftir handtöku hans að hann hafði sent stefnanda sms-skilaboðin „BUST“ á sama tíma og handtakan átti sér stað. Þá voru í síma Bs sms-skilaboðin „LEYST“ frá stefnanda rétt fyrir handtöku og skilaboðin „OK“ rétt eftir handtökuna. Hafa engar haldbærar skýringar verið færðar fram af hálfu stefnanda fyrir þessum samskiptum hans og Bs á sama tíma og hinn síðarnefndi var handtekinn. Við þessar aðstæður beindist því með réttu rökstuddur grunur af hálfu lögreglu gegn stefnanda um að hann væri þátttakandi í innflutningi á miklu magni fíkniefna. Voru því uppfyllt skilyrði 1. mgr. 97. gr. laga nr. 19/1991 til handtöku stefnanda 26. október 2006 og halds hans fram til næsta dags. Á sama hátt voru uppfyllt skilyrði 89. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. sömu laga, til húsleitar á heimili stefnanda. Þá verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að hún hafi farið fram á lögmætan hátt.

Fram er komið í málinu að A fór með sendingar til Glitnis á Kirkjusandi 23. október 2006 en afhenti ekki tölvusendinguna þrátt fyrir að hún væri í útkeyrslubifreiðinni. Þá kom í ljós að á kvittun fyrir móttöku sendinganna, sem A afhenti á starfsstöð Glitnis, var nafn manns sem var ekki starfsmaður fyrirtækisins. Einnig kom fram við rannsókn málsins að A hafði merkt tölvusendinguna í tölvukerfi FedEx sem „Requested future delivery“ en það þýðir að móttakandi vörunnar hafi óskað eftir að varan verði afhent síðar. Var það talið mjög óeðlilegt hjá fyrirtæki eins og Glitni. Þá skildi A vörusendinguna eftir í bifreið fyrirtækisins að loknum vinnudegi en fór ekki með hana aftur inn í vöruheimsu eins og mælt er fyrir um í starfsreglum þess. Var öll meðferð umræddrar sendingar frá Danmörku því afar tortryggileg að mati dómsins.

Svo sem rakið hefur verið var stefnandi látinn laus að lokinni yfirheyrslu 27. október 2006. Við skýrslugjöf hjá lögreglu af hálfu Bs 31. sama mánaðar breytti hann framburði sínum og kvað fyrrnefndan A hafa haft samband við sig 23. sama mánaðar og skýrt frá því að hann væri búinn að finna „þrjá eða fjóra turna“ (turntölvur) en B kvað stefnanda áður hafa beðið sig um að grennslast fyrir um tölvunar hjá FedEx sem stefnandi hafi sagt týndar eða ekki skilað sér. Hafi stefnandi sagt að það ætti að fara fram hjá tolli og vörugjöldum með þessa sendingu og ekki ætti að greiða neitt af henni.

Ofangreindur framburður Bs renndi að mati dómsins frekari stoðum undir grun lögreglu um að stefnandi ætti aðild að hinum ólögmæta fíkniefnainnflutningi. Samkvæmt því var fullt tilefni til að handtaka stefnanda í síðara skiptið og úrskurða hann í gæsluvarðhald á grundvelli a. liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Að framan er lýst símasamskiptum stefnanda og B að kvöldi 23. október 2006 og framburði hins síðarnefnda um að stefnandi hafi haft frumkvæði að því að grennslast fyrir um áðurnefnda vörusendingu hjá FedEx. Verður ráðið af framburði Bs að það hafi verið fyrir tilstuðlan stefnanda að fyrrgreind atburðarás fór af stað eftir að umrædd sending var komin í húsnæði FedEx. Þykir stefnandi ekki hafa gefið trúverðugar skýringar á fyrrnefndum samskiptum sínum við B.

Þegar allt framangreint er virt er það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á í skilningi 175. gr. laga nr. 19/1991. Þá er ekki annað fram komið en að rannsókninni, sem var umfangsmikil og teygði anga sína til Danmerkur, hafi verið fram haldið svo sem kostur var. Stóð gæsluvarðhaldið því ekki lengur en nauðsyn bar til.

Á því virðist einnig byggt af hálfu stefnanda að það varði stefnda bótaábyrgð að langur tími hafi liðið þar til stefnanda var tilkynnt um niðurfellingu málsins. Enda þótt ekki hafi af hálfu stefnanda verið rennt sérstakri lagastoð undir þessa kröfu skal tekið fram að eigi verður talið að sá tími sem leið frá lokum gæsluvarðhalds yfir stefnanda þar til honum var tilkynnt um niðurfellingu málsins sé óhæfilegur miðað við umfang þess.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dóminn kvað upp Helgi I. Jónsson dómstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, X í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, Bjarna Haukssonar hdl., 400.000 krónur.